



Útflutningsverðmæti stoðanna þriggja sló met á fyrsta fjórðungi

Mikil aukning varð á útflutningsverðmæti landsins á fyrsta fjórðungi borið saman við sama fjórðung í fyrra. Aukning varð í útflutningsverðmæti allra stoðanna þriggja; ferðapjónustu, sjávarútvegi og stóriðju. Það skýrist af mikilli aukningu í ferðamannafjölda, miklum loðnuveiðum og mikilli hækkun á álverði frá því í fyrra. Útflutningsverðmæti stoðanna þriggja á fjórðungnum nam 242,3 mö.kr. og hefur ekki áður mælst hærra.


Útflutningsverðmæti á fyrsta fjórðungi ársins nam 355,6 mö.kr. borið saman við 226,7 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Aukningin nemur 128,9 mö.kr. eða 57%. Útflutningsverðmæti allra stoðanna þriggja; ferðapjónustu, sjávarútvegi og stóriðju jókst verulega milli ára. Mesta aukningin varð í útflutningsverðmæti ferðapjónustunnar en það jókst um 44,3 ma.kr. eða 560%. Næstmesta aukningin varð í útflutningsverðmæti stóriðju en þar var aukningin 42,4 ma.kr. Útflutningsverðmæti sjávarafurða jókst síðan um 20,3 ma.kr. Samanlögð aukning í útflutningsverðmæti útflutningsstoðanna þriggja nam því 107 mö.kr. af samtals 129 ma.kr. aukningu. Útflutningsverðmæti stoðanna þriggja nam 242,3 ma.kr. og hefur ekki áður mælst hærra. Það skýrist einungis af miklu útflutningsverðmæti bæði stóriðju og sjávarafurða en hvort tveggja hefur ekki áður mælst hærra. Mikið útflutningsverðmæti sjávarafurða skýrist m.a. af miklu loðnuveiðum en mikið útflutningsverðmæti stóriðju skýrist fyrst og fremst af sögulega mjög háu álverði.

Mikil fjölgun erlendra ferðamanna eykur útflutningsverðmæti ferðapjónustunnar

Útflutningsverðmæti ferðapjónustunnar jókst mikið milli ára og skýrist það fyrst og fremst af mikilli fjölgun erlendra ferðamanna. Vegna faraldursins var fjöldi erlendra ferðamanna einungis 12 þúsund manns á fyrsta fjórðungi í fyrra en 245 þúsund á sama fjórðungi þessa árs. Útflutningsverðmæti ferðapjónustunnar var 7,9 ma.kr. á fyrsta fjórðungi í fyrra en 52,2 ma.kr. á þessu ári.


Útflutningsverðmæti ferðalaga nam 41,6 mö.kr. borið saman við 6,1 ma.kr. á sama tímabil í fyrra.

Útflutningsverðmæti stoðanna þriggja



Verðmæti á fyrsta fjórðungi hvers árs.
Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands

Útflutningsverðmæti ferðapjónustunnar og fjöldi ferðamanna



Fyrsti fjórðungur hvers árs.
Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



Útflutningsverðmæti farþegaflugs nam 10,6 mö.kr. borið saman við 6,1 ma.kr. miðað við sama tímabil í fyrra.


Töluverð aukning í útflutningsverðmæti uppsjávarafurða

Útflutningsverðmæti sjávarafurða jókst um tæpan þriðjung á fyrsta fjórðungi miðað við sama tímabil í fyrra. Langmest af þeirri aukningu má rekja til aukins útflutningsverðmætis uppsjávarafurða. Útflutningsverðmæti loðnu jókst um 7,6 ma.kr. og fjórfaldaðist milli ára en nýfyrstaðin loðnuvertíð var sú stærsta í fjölda ára. Ekki voru allar afurðir vertíðarinnar fluttar út á fyrsta fjórðung og má því gera ráð fyrir að einnig muni mælast töluvert mikil aukning í útflutningi loðnuafurða á öðrum ársfjórðungi. Útflutningsverðmæti makrils jókst um 4,9 ma.kr. og nam 6,9 mö.kr. Aukningin nemur 250% en flutt voru út 150% meira af makríl í tonnum talið en í fyrra. Útflutningsverðmæti síldar jókst síðan um 3,3 ma.kr. eða 137% en 85% aukning var á síldarafurðum milli ára í tonnum talið.

Mikil hækkun á heimsmarkaðsverði áls og kísils


Mikil aukning varð einnig í útflutningsverðmæti stóriðju en það nam 103,7 mö.kr. og jókst um 69% milli ára. Þá aukningu má fyrst og fremst skýra með mikilli hækkun á heimsmarkaðsverði áls en það líkt og flestar aðrar hrávörur hafa hækkað mikið í verði á síðustu misserum. Álverð var að meðaltali tæplega 3.300 Bandaríkjadóllarar á tonnið á fyrst fjórðungi borið saman við tæplega 2.100 dollara á tonnið á sama tímabili í fyrra. Aukningin nemur 56%. Verð á kísiljárnri hefur einnig hækkað mikið milli ára en útflutningsverðmæti þess nam 4,5 mö.kr. á fyrsta fjórðungi og jókst um 126% milli ára. Útflutningur kísiljárns í tonnum talið dróst hins vegar saman um 6% og af því má ráða að aukið útflutningsverðmæti hafi skýrst fyrst og fremst af hækkun verðsins.

Breyting í útflutningsverðmæti á fyrsta fjórðungi



Fyrsti fjórðungur, breyting frá sama tímabili í fyrra
Heimild: Hagfæðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands

Útflutningsverðmæti stóriðju



Verðmæti á fyrsta fjórðungi hvers árs
Heimild: Hagfæðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

